

## **Skólaráð Áslandsskóla**

### **Föstudagur 16.3.2018 kl. 8:15 í fundarherbergi**

**Mættir:** Ásbjörn Ingi(nemendafulltrúi), Sigmar Ingi(grenndarfulltrúi), Steinbjörn(kennarafulltrúi), Guðrún Ben(kennarafulltrúi), Fannar Freyr(fulltrúi annars starfsfólks), Anna Sigríður(foreldrafulltrúi), Anna María(foreldrafulltrúi) og Leifur(skólastjóri).

### **Skóladagatal 2018-2019**

Farið yfir skóladagatal næsta skólaárs. Farið yfir talningu daga og hvað þeir merkja.

Skólaráð staðfesti skóladagatal 2018-2019 og skólastjóri sendir það til fræðslufirvalda.

### **Ipad og upplýsingatækni**

Farið yfir könnun frá síðasta skólaári sem 100 foreldra tóku þátt í. Rætt um að gera aðra könnun fljótlega.

Rætt um notkun á Google Classroom og Google Docs.

Setja þarf inn meiri fræðslu til foreldra nemenda í unglingadeild í tengslum við skólakynningar að hausti. Einnig þarf að auka almenna fræðslu til foreldra.

### **Símalaus dagur**

Rætt um símalausan dag. Fulltrúi nemenda lagði til að það yrði fimmtudagur. Hjá nemendum hafa líka vaknað hugmyndir að símalausu balli.

Ákveðið að fyrsti fimmtudagur eftir páska verði fyrsti símalausi dagurinn, nemendur koma ekki með síma í skólann þann dag.

### **Vorhátíð**

Vorhátíð Áslandsskóla verður 30.5.2018.

Fulltrúar foreldra aðgæta að þessi dagsetning rekist ekki á útskrift leikskóla eða lokahóf vetraríþróttagreina.

### **Fræðsla og forvarnir**

Fulltrúi foreldra ræddi um að fá fræðslu til nemenda og foreldra um samfélagsmiðla og upplýsingatækni sem Eyjólfur sálfræðingur hefur verið með.

Fulltrúa foreldra verða í sambandi við námsráðgjafa og deildarstjóra unglingadeildar vegna frekara skipulags.

### **Hreinlæti í sundlaugum**

Borist hafa kvartanir um að illa sé þrifið í Suðurbæjarlaug og vond lykt.

Skólastjóri ræðir við forstöðumann sundstaða í bænum vegna málsins.

### **Nestismál / hádegisverður**

Rætt um mataraðstöðu nemenda sem ekki eru í mataráskrift. Nú eru um 90% nemenda í mataráskrift, hinir matast á efri hæð. Málið hefur verið rætt í skólaráði árlega og alltaf sama niðurstaða. Á efri hæð er sú aðstaða sem nemendur sem koma með nesti þurfa, eins og heitt vatn, örbylgjuofn og grill. Ekki er pláss fyrir slíkt á neðri hæð. Skipulagslega gengur heldur ekki að blanda saman þeim sem greiða fyrir mat og öðrum. Skólastjóri útskýrði málið.

### **Árshátíð nemenda**

Árshátíð nemenda verður 25.4.2018. Undirbúningur í fullum gangi.

### **Samræmd próf**

Rætt um samræmd próf, framkvæmd og eftirmála.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:20.

Fundargerð ritaði skólastjóri.